

Fimmtudaginn 12. mars 1992.

Nr. 259/1990. **Flugleiðir hf.**

(Þórólfur Kr. Beck hrl.)

gegn

Hjalta Auðunssyni persónulega og

f.h. Bíla- og bátasölnunnar

(Jóhann Þórðarson hrl.).

Skuldamál. Firma.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. júní 1990 og gerir þær dómkröfur, að allar kröfur sínar í héraði verði teknar til greina, þ.e., að stefndi verði dæmdur til að greiða félaginu 22.399 krónur með tilteknum dráttarvöxtum. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Ágreiningslaust er, að stefndi, Hjalta Auðunsson, seldi firma sitt, Bíla- og bátasölnuna, Hafnarfirði, hinn 30. september 1986 Inga Ólafssyni, Krummahólum 4, Reykjavík. Taldi stefndi, að viðskipti fyrirtækisins væru sér óviðkomandi upp frá því og sér væri einnig óviðkomandi tilkynning um breytingu á eignaraðild, sbr. 2. mgr. 21. gr. laga nr. 42/1903 um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð. Fram er komið í málinu, að kaupandi firmans uppfyllti ekki tilkynningarskyldu sína samkvæmt þessu lagaákvæði. Stefndi, Hjalta, hefur ekki gefið til kynna, að hann vildi eftir eigendaskiptin vera skrásettur áfram í firmaskrá sem fullábyrgur eigandi firmans, sbr. Hrd. 1966, 921.

Í febrúar 1987 pantaði Guðni nokkur Björnsson gistingu fyrir annan mann í hóteli áfrýjanda. Leitt er í ljós, að hann hafði ekki skráða heimild til að skuldbinda Bíla- og bátasölnuna.

Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi greiði stefnda, Hjalta Auðunssyni, 40.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti, og er þá ekki tekið tillit til virðisauka-skatts.

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Flugleiðir hf., greiði stefnda, Hjaltu Auðunssyni, 40.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 17. apríl 1990.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 3. apríl sl., er höfðað hér fyrir dóminum með stefnu, birtri 5. júní 1989.

Stefnandi er Flugleiðir hf., kt. 601273-0129, Reykjavík, en stefndu eru Hjalti Auðunsson skipasmíðameistari, kt. 100928-4429, Öldugötu 15, Hafnarfirði, persónulega og fyrir hönd Bíla- og bátasölnunnar, kt. 570479-0249, Kaplahrauni 2-4, Hafnarfirði.

Dómkröfur eru þær, að stefndu verði dæmdir til að greiða stefnanda 22.399 kr. með 24% ársdráttarvöxtum frá 6.3. 1989 til 1.4. 1989, 33,6% ársdráttarvöxtum frá þeim tíma til 1.5. 1989, 38,4% ársdráttarvöxtum frá þeim tíma til 1.6. 1989, 42% ársdráttarvöxtum frá þeim tíma til stefnubirt-ingardags, en hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum samkvæmt ákvörðun Seðla-banka Íslands frá þeim tíma til greiðsludags. Enn fremur er krafist máls-kostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, og beri máls-kostnaðarfjárhæðin dráttarvexti frá 15. degi eftir áritun til greiðsludags.

Loks er þess krafist, að áfallnir dráttarvextir leggist við höfuðstól skuld-arinnar á 12 mánaða fresti, næst 6.3. 1990, og að dráttarvextir reiknist síðan af þannig uppfærðum höfuðstól.

Stefndi Hjalti krefst sýknu af kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða málskostnað samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands að viðbættum dráttarvöxtum frá 15. degi eftir uppkvaðningu dóms til greiðsludags auk söluskatts af málskostnaðarfjárhæð.

Af hálfu stefndu Bíla- og bátasölnunnar er ekki haldið uppi vörnum.

Mál þetta er höfðað sem áskorunarmál, en var vikið til venjulegrar meðferðar í þinghaldi 27. 12. (sic) september 1989.

Sættir hafa verið reyndar án árangurs.

I.

Málavextir eru þeir, að stefndi Hjalti Auðunsson tilkynnti firmað Bíla- og bátasölnuna til firmaskrár Hafnarfjarðar 17. apríl 1979. Hinn 30. september 1986 seldi Hjalti firmað Inga Ólafssyni, Krummahólum 4, Reykjavík.

Fram hefur komið í málinu, að í febrúar og mars 1987 var Guðni Björns-son, kt. 220652-2549, Hrísmóum 2 A, Garðakaupstað, orðinn eigandi fyrir-tækisins, þótt ekki sé ljóst, hvort hann keypti firmað af Inga.

Samkvæmt firmaskrá Hafnarfjarðar er Hjalti Auðunsson enn skráður eigandi firmans.

Guðni Björnsson, sem þá var orðinn eigandi firmans, pantaði hótélherbergi á Hótel Loftleiðum fyrir mann að nafni Claud Wallyn. Pöntunina gerði Guðni í nafni Bíla- og bátasölunnar.

Gesturinn dvaldist á hótelinu dagana 28. febrúar 1987 til 4. mars 1987, og er krafa stefnanda sprottin af veru hans og viðurgerningi þá daga. Reikningur stefnanda er að upphæð 11.494 kr., en í dómkröfum hafa áfallnir dráttarvextir verið lagðir við höfuðstól.

Stefnandi styður mál sitt því, að stefndi Hjalti Auðunsson hafi verið skráður eigandi firmans Bíla- og bátasölunnar á þeim tíma, er stofnað var til þeirra viðskipta, sem mál þetta fjallar um. Af þeirri ástæðu beri hann fulla og ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum firmans. Ótækt sé, að grandlaus þriðji maður eigi að bera áhættuna af því, að fyrirtæki sé ekki rétt skráð.

Þá er einnig á því byggt, að Guðni Björnsson hafi verið til þess bær að skuldbinda Bíla- og bátasöluna, þar sem hann var eigandi firmans á þeim tíma, sem stofnað var til skuldar við stefnanda.

Máli sínu til stuðnings vísar stefnandi til 7. og 21. gr. laga nr. 42/1903.

Stefndi Hjalti byggir sýknukröfu sína í fyrsta lagi á því, að Guðni Björnsson hafi ekki haft heimild til að skuldbinda Bíla- og bátasöluna, því að samkvæmt firmaskrá Hafnarfjarðar geti Hjalti Auðunsson einungis skuldbundið hana. Stefnanda hafi borið að kynna sér, hver væri til þess bær, og þá hefði komið í ljós, að einungis stefndi Hjalti gat skuldbundið firmað. Guðni Björnsson hafi ekki haft umboð til þess. Stefnandi hafi því tekið áhættuna af því að semja við umboðslausan aðila.

Í öðru lagi bendir stefndi á, að þar sem hann hafi selt firmað Inga Ólafsyni, sé ekkert réttarsamband milli stefnda Hjalta og Guðna Björnssonar.

Í þriðja lagi bendir stefndi á, að það fái ekki staðist, að Guðni Björnsson, sem sé gjaldþrota, geti skuldbundið stefnda persónulega án heimildar og jafnvel gert stefnda einnig gjaldþrota með ráðstöfunum sínum.

Máli sínu til stuðnings vísar stefndi til 21. gr. laga nr. 42/1903. Sýkna beri vegna aðildarskorts, sbr. 45. gr. laga nr. 85/1936.

Stefndi Hjalti Auðunsson kom fyrir dóminn.

II.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. laga nr. 42/1903 um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð hvílir tilkynningarskylda til verslanaskrár um breytingar á atvinnu á hverjum þeim, sem eftir breytinguna rekur atvinnuna.

Ákvæði laga nr. 42/1903 þykja að öðru leyti ekki leiða til þess, að firma einstaks manns verði skuldbundið af ráðstöfunum annars manns, nema

viðkomandi hafi haft prókúruumboð samkvæmt III. kafla laga nr. 42/1903 eða umboð með öðrum hætti til að skuldbinda firmað.

Ágreiningslaust er, að það var Guðni Björnsson, sem stofnaði til skulda við stefnanda. Bíla- og bátasalan var á þeim tíma óskráð einkafirma Guðna Björnssonar og rekið á hans ábyrgð.

Ekkert samningssamband var milli stefnanda og stefnda Hjalta, og ber því að sýkna hann af öllum kröfum stefnanda.

Samkvæmt framansögðu verður einnig að sýkna Bíla- og bátasöluna, þar sem Guðna Björnssyni er ekki stefnt fyrir hönd firmans.

Eftir þessum úrslitum verður stefnandi dæmdur til að greiða stefnda Hjalta 46.000 kr. í málskostnað, er beri dráttarvexti skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu og til greiðsludags. Við ákvörðun málskostnaðar er tekið tillit til virðisaukaskatts af málflutningslaunum.

Gunnar Aðalsteinsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Hjalti Auðunsson og Bíla- og bátasalan, eiga að vera sýknir af kröfu stefnanda, Flugleiða hf., í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda Hjalta Auðunssyni 46.000 kr. í málskostnað, sem ber dráttarvexti samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu og til greiðsludags.